

6. fundur stjórnar BsVest þann 6. október 2016 kl: 14:00, haldinn í síma.

Til fundar voru mætt, Andrea Kristín Jónsdóttir í síma, Ingibjörg Birna Erlingsdóttir í síma, Gísli Halldór Halldórsson í síma og Indriði Indriðason í síma, einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri BsVest og Sif Huld Albertsdóttir verkefnastjóri BsVest sem einnig rituðu fundargerð.

Pétur G. Markan boðaði forföll.

Dagskrá fundar:

1. Greinargerð verkefnahóps BsVest
2. Annað

Gengið til dagskrá:

1. Greinargerð verkefnahóps BsVest

Verkefnastjóri fór yfir greinargerð, lið fyrir lið.

Stjórn tekur undir greinargerð Verkefnahóps og leggur til að verkefnastjóri sendi greinargerðina til R3 með viðauka frá stjórn.

2. Annað

- a) Stjórn leggur til að reglulega verði gert yfirlit yfir ráðstöfun vegna fastra yfirvinnu hjá þjónustusvæðunum í stjórnun og ráðgjöf, einnig leggur stjórn til að verkefnastjóri komi með fyrirkomulag um skilgreinda launaflokka fyrir félagsmálastjóra og forstöðumanna fyrir BsVest og þjónustusvæðin fari eftir því þegar kemur að fjárhagsáætlunargerð.
- b) Stjórn leggur til að framkvæmdastjóri ásamt verkefnastjóra boði til vinnufundar stjórnar þar sem framkvæmdastjórar hvers þjónustusvæðis komi og ræði næstu skref hjá BsVest, varðandi tilflutning tekna og kostnaðar frá félagsþjónustusvæðunum til yfirstjórnar BsVest. Einnig vill stjórn biðja þá framkvæmdastjóra sem sjá sér fært um að kanna aðrar leiðir í þessum efnum að gera svo og koma með tillögu á vinnufundinn.

Fundi slitið 15:30

Sif Huld Albertsdóttir